Lögberg er gefið út hvern miðvikudag og laugardag af
THE LÖGBERG PRINTING & PUBLISHING CO.
Skrifstofa: Afgreiðslustofa: Prentsmiðja
573 Main Str., Winnipeg Man.
Kostar $2,00 um árið (á Íslandi 6 kr.) borgist fyrfram. — Eitt sér nr. 5 cent.

Lögberg.

Lögberg is published every Wednesday and Saturday by
THE LÖGBERG PRINTING & PUBLISHING CO.
at 573 Main Str., Winnipeg Man.
Subscription price: $2.00 a year payable in advance.
Single copies 5 c.

6. ÁR. | WINNIPEG, MAN., MIÐVIKUDAGINN 19. APRÍL 1893. | Nr. 29.

ROYAL CROWN SOAP

Kóngs-Krúna-Sápan er ósviki hún skaðar hvorki höndurnar, andlitið eða fínustu dúka, ullardúkar hlaupa ekki ef hún er brúkuð.
Þessi er tilbúin af
The Royal Soap Co., Winnipeg.
Á *Friðriksson*, mælir með henni við landa sína.
Sápan er í punds stykkjum.
Umfram allt reynið hana.

CAMPBELL BRO'S.

Sem keypt hafa allar vörubyrgðir W. H. Paulson & Co. og verzla í sömu búðinni, 575 Main Str., selja nú með tölumverðum afslætti allar þær vörutegundir er áður voru í búðinni, harðvöru, eldavjelar og tinvöru o. s. frv.

Chr. Ólafsson, sem var hjá Paulson & Co., er aðal maður í búðinni, og geta því öll kaup gerzt á íslenzku, hann mælist til að fá sem allra flesta kiptavini og lofar góðu verði.

CAMPBELL BRO'S.
WINNIPEG, - - MAN.

FRJETTIR

CANADA.

Leiðtogi frjálslynda flokksins í Canada, Hon. W. Laurier, hefur gefið út tilkynning um það, að líberalt flokksþing verði haldið í Ottawa 20. júni næstkomandi. Á þessu þingi eiga sæti allir sambandsþingmenn frjálslynda flokksins og þau þingmannaefni sama flokks, sem undir urðu við síðustu kosningar, og auk þess 5 menn úr hverju kjördæmi, kjörnir af hinum líberölu pólitísku fjelögum. Úr þeim kjördæmum, sem senda meira en 1 mann á þing, verður fulltrúa-talan á flokksþinginu tiltölulega meiri.

BANDARÍKIN.

Járnbrauta mælingarmenn frá Bandaríkjunum hafa nýlega lokið við rannsóknir á leiðinni frá Alaska og langt inn í Rússland, Þeir hafa komizt að þeirri niðurstöðu, að ekkert sjerlega torvelt sje að leggja braut þessa, og er sagt að öflugt auðmannafjelag eitt í Bandaríkjunum muni hafa í huga að gera það, áður en langt líður.

Í frjettagrein frá Washington, D. C. er því neitað, sem fyrir nokkru var fullyrt í blöðunum, að Cleveland forseti hefði hætt við samninga við Rússastjórn um framsölu sakamanna. Það, að samningurinn er ekki þegar fullger frá hálfu beggja málsparta, kvað eingöngu stafa af því, að Rússakeisari hefur ekki verið í St. Pjetursborg um nokkurn tíma undanfarinn.

Dr. Keeley er í þann veginn að selja leyndardóm sinn um drykkjuskaparlækningar með gullklórídi fyrir 10 milliónir dollara. Allir spítalar hans í Bandaríkjunum eru með í kaupinu.

ÚTLÖND.

Afarmikill jarðskjálpti hefur enn orðið á eyjunni Zante vestan við Grikkland, enn meiri en jarðskjálptarnir, sem þar gerðu svo mikið tjón í febrúar og marz. Mikill partur af höfuðstað eyjarinnar hrundi, og þegar frjettin kom, höfðu 20 lík fundizt, en haldið að miklu fleiri hefðu látið lífið. Mörg hundruð manna hafa skaðazt.

Verkamanna-óeirðir alvarlegar eiga sjer stað þessa dagana í Bryssel í Belgíu og víðar þar í landi. Til vopnaviðskipta hefur þjer og þar komið milli lögregluliðsins og verkamanna, og ótti mikill hefur komið yfir almenning.

FRJETTIR FRÁ ÍSLANDI.

Eptir Ísafold.

SIFJASPELL, BARNSMORÐ OG SJÁLFSMORÐ.

Nýtt stórglæpamál er upp komið í Þingeyjarsýslu, á prestssetrinu Svalbarði í Þistilfirði.

Þar áttu hálfsyskin, Sigurjón og Sólborg, vinnuhjú prests, barn saman í vetur með leynd; drap hún þegar barnið, en hann gróf það í sjávarborg, þar sem hann gætti fjár prests. Um það var ekkert skeitt á Svalbarði, að stúlkan grenntist, en hreppstjórinn komst á snoðir um þetta og skrifaði sýslumanni, Benidikt Sveinssyni. Fór Einar sonur hans, cand. juris og fullmektugur, austur, í forföllum föður síns, yfirheyrði allt fólkið á bænum og Sigurjón síðastan, er hann kom heim um kveldið þann dag frá kindum, og meðgekk hann alt saman, bæði barneignina með hálfsystur sinni og hlutdeild í morði barnsins.

Þetta var um háttatíma.

Að því búnu gekk Einar upp á lopt til fólksins og sagði stúlkunni Sólborgu, að hann yrði að taka hana fasta, grunaða um glæp, vísaði henni í afþiljaðan klefa í baðstofuendanum, og setti tvo menn til að gæta þess, að hún færi ekkert burt þaðan, rannsakaði föt hennar og vasa, og ætlaði að yfirheyra hana að morgni. Hún bað um að mega hafa hjá sjer barn, er hún átti á lífi og þar var á bænum, telpu á 5. ári, en því neitaði yfirvaldið. Tók hún þessu öllu rólega að sjá, fór ofan í koffort, er hún átti í baðstofunni, og tók þar samanbrotna ljereptsskyrtu með sjer inn í húsið afþiljaða, og hátt-aði þar ofan í rúmið. Litlum tíma eptir rak hún upp hljóð og bað um vatn: kom þá Einar upp og spurði, hvað að henni gengi, en hún kvaðst ekki vita það; hljóðaði hún litla stund og dó síðan. Hafði hún náð í eitur (strychnin) hjá bróður sínum og barnsföður, er honum hafði verið fengið í hendur til að eitra með fyrir refi, og geymt það í koffortinu, en náð því um leið og skyrtunni. Fannst glasið í rúminu hjá henni dauðri. Ímynda kunnugir sjer, að hún hafi ætlað barninu að fara sömu leið, ef hún hefði fengið að hafa það hjá sjer.

Eptir að Sólborg hafði drepið (hitt) barnið, er hún ól um hádag, ljet hún það í kistu í öðrum enda baðstofunnar, og þar var það í hálfan mánuð, áður en Sigurjón gat tekið við líkinu og komið því undan. (Mun þetta vera hans frásögn, því engin fjekkst skýrsla af henni). Hann vafði líkið í sloppræfli, gróf það í horni á fyrnefndri sjávarborg og var látinn grafa það upp þar aptur af yfirvaldinu. Læknir rannsakaði líkin bæði, barnsins og móður þess, og kvað það dáið hafa köfnunardauða, en hana af „stífkrampa", — verkun eitursins.

Það er í frásögur fært, að eigi hafi Sigurjóni þessum orðið mikið um, er systir hans tók helsóttina af eitrinu og andaðist; hann sat rólegur og snæddi mat sinn á meðan, og sýndi á sjer gleðibrag, þar sem hann gisti á leiðinni til sýslumanns, í varðhald þar.

Móðir þeirra systkyna er á lífi, en feður dánir.

Skýrsla þessi er gerð eptir brjefum nákunnugra manna úr sama byggðarlagi, dags. síðast í f. mán. En það mun hafa verið skömmu eptir veturnætur, er barnsmorðið var framið, en langt um liðið er sýslumanni var tjáður grunurinn um glæpinn.

— Í brjefi af sjálfu heimilinu, Svalbarði, dagsettu 22. f. mán., er þetta hermt nánara um hin hroðalegu tíðindi, er þar hafa gerzt.

Það kom fram í rjettarprófinu yfir heimilisfólkinu, er haldið var 11. f. mán., að eitthvað af því hafði verið sjónarvottur að því, að þau hálfsyskin samrekktu, en mun hafa leynt prest því. Það var eptir samráði við prest, er hreppstjóri skrifaði sýslumanni um grun þann, er kviknaði eptir það að stúlkan sást grennast kynlega allt í einu. Öll sín verk gerði hún daginn, sem hún ól barnið, þann dag sem aðra fór í fjós og mjólkaði o. s. frv.; var eitthvað lítils háttar lasin stund úr degi og kvað það vera höfuðverk, er að sjer gengi. Sigurjón þrætti fyrst fyrir glæpinn, en meðgekk þó allt áður lauk. Eiturglasið segir brjefritarinn að Sólborg muni hafa falið einhverstaðar inni á sjer og nefnir ekki neitt um skyrtuna og koffortið. Ekki er þar heldur minnzt á, að hún hafi beðið um að mega hafa telpuna sína hjá sjer um nóttina, nje hitt, að hún hafi geymt barnslíkið inni í kistu lengur eða skemur, áður það var út borið; þarf þó hvorugt rangt að vera eða mishermt. Sent var þegar til læknis er Sólborg tók helsóttina, en hann býr að eins eina bæjarleið frá Svalbarði, á Sævarlandi — aukalæknir Björn G. Blöndal. Hann brá við tafarlaust, en er hann kom að Svalbarði, var Sólborg hætt að hljóða fyrir góðum tíma, og þóttist hann þegar sjá, að hún væri örend; gerði þó þær lífgunartilraunir, er hann gat framast, en árangurslaust.

Af kunnugum á heimilinu er Sólborgu þannig lýst, að hún hafi verið óheimsk, en lítið snyrtikvendi, og vaxin nær eins á alla vegu, sem svo er kallað, og því muni þykkt hafa getað leynzt á henni venju framar. Um Sigurjón er skrifað, að hann hafi verið dyggðarhjú.

Rvík. 18. febr. 1893.

VEÐRÁTTA. Veðurblíðan þennan vetur, að fráteknu kastinu á jólaföstunni, mun vera hjer um bil dæmalaus hjer á landi, jafnt og stöðugt. Um þessar mundir hver dagurinn öðrum fegri, og frost ýmist ekkert eða mjög lítið.

Rvík 4. marz 1893.

MANNALÁT. Hinn 2. þ. m. andaðist hjer í bænum eptir langvinnan krankleika frú Guðrún Briem (Gísladóttir læknis Hjálmarssonar), kona sjera Eiríks Briems prestaskólakennara, hálffimmtug að aldri, atgervikona, menntuð mjög vel til munns og handa, og einkar-þjóðrækin. Dau hjón giptust 1874 og lifa tvö börn þeirra, Ingibjörg og Eggert.

S. d. andaðist í Hafnarfiði merkisbóndinn Gísli Þormóðsson, valinkunnur sæmdarmaður og fjáður vel, á sjötugsaldri.

Rvík. 18. marz. '93.

ÞORSTEINN JÓNSSON, kansellíráð, fyrrum sýslumaður, andaðist að heimili sínu Kiðjabergi 9. þ. m., á 79. ári, orðinn blindur fyrir nokkrum árum og ellihrumur, fæddur 15 okt. 1814 í Skálholti, sonur Jóns umboðsmanns Johnsen, er síðar bjó á Stóra-Ármóti (d. 1843). Jónssonar sýslumanns á Móeiðarhvoli (d. 1788). Hann útskrifaðist úr heimaskóla 1836 af Árna biskupi Helgasyni, varð kandídat í lögum 1843, sýslumaður í Suður-Múlasýslu 1847—51, og Norður-Múlasýslu 1851—1861, Þingeyjarsýslu 1862—1868, og Arnessýslu 1868—1878, er hann fekk lausn frá embætti. Árið 1849—50 var hann settur til að þjóna stiptamtmannsembættinu og amtmannsembættinu í suðuramtinu. Kona hans var Ingibjörg Gunnlaugssdóttir (dómkirkjuprests Oddsonar) er lifir mann sinn ásamt 3 sonum þeirra: Gunnlaugi óðalsbónda á Kiðjabergi; Halldóri presti í Landeyjaþingum, og Jóni Ólafi kaupmanni í Reykjavík. Hann var fjörmaður, tryggur og vinfastur, og skörulegur embættismaður meðan hann var í broddi lífsins.

Rvík. 11. marz. '93.

EGGERT ÓLAFSSON BRÍM, uppgjafaprestur, andaðist hjer í bænum í fyrra dag, 9. marz. eptir 2 daga legu af „bronchitis", en að undangegnum nokkurra vikna lasleika eptir stutta legu í lungnabólgu. Hann var fæddur að Grund í Eyjafirði 5. júlí 1840, sonur Ólafs timburmeistara Gunnlaugssonar (sýslumanns) Briem og konu hans Dómhildar Þorsteinsdóttur.

Rvík 25. marz 1893.

DÁINN hjer í bænum 19. þ. m. latínu skólalærisveinn Björn Vilhjálmsson, bónda í Kaupangi í Eyjafirði, Bjarnarsonar prófasts í Laufási, mikið mannvænlegur piltur og efnilegur námsmaður, nær 17, ára að aldri; var í 3. bekk. Hann dó úr tæringu.

Odyrasta Lifsabyrd!

Mutual Reserve Fund Life

Association of New York.

Tryggir líf karla og kvenna fyrir allt að helmingi lægra verð og með betri skilmálum en nokkurt annað jafn áreiðanlegt fjelag í heiminum.

Þeir, sem tryggja líf sitt í fjelaginu, eru eigendur þess, ráða því að öllu leyti og njóta alls ágóða, því hlutabrjefa höfuðstóll er enginn. Fjelagið getur því ekki komizt í hendur fárra manna, er hafi það fyrir fjeþúfu fyrir sjálfa sig og ef til vill eyðileggi það.

Fjelagið er innbyrðis (mutual) lífsábyrgðarfjelag, og hið langstærsta og öflugasta af þeirri tegund í veröldinni.

Ekkert fjelag í heiminum hefur fengið jafnmikinn viðgang á jafnstutt um tíma. Það var stofnað 1881, en hefur nú yfir

Sí tiu þúsund meðlimi

er hafa til samans lífsábyrgðir úpp á meir en *tvö hundruð og þrjátíu milljónir dollara.*

Fjelagið hefur síðan það byrjaði borgað ekkjum og erfingjum dáinna meðlima

yfir 14½ mitljónir dollara

Árið sem leið (1892) tók fjelagið nýjar lífsábyrgðir upp á *liðugar* **60** *milljónir dollara*, en borgaði út sama ár erfingjum dáinna meðlima *$2,705,000,00.*

Varasjóður fjelagsins, sem nú er orðinn nál. 3½ milljón dollara, skiptist milli meðlima á vissum tímabilum.

Í fjelagið hafa gengið yfir **370** *Íslendingar* er hafa til samans tekið lífsábyrgðir upp á *meir en $600,000.*

Upplýsingar um fjelagið eru nú til prentaðar á íslenzku.

W. H. Paulson
Winnipeg, Man.
General agent
fyrir Man, N. W. Terr., B. Col. etc.
A. R. McNICHOL, McIntyre Block, Winnipeg. Manager í Manitoba, Norðvesturlandinu og British Columbia.

ÍSLENZKUR LÆKNIR

Dr. M. Halldórsson.
Park River,— — —N. Dak.

Islenzkar bækur
til sölu hjá
W. H. Paulson
Room 12 Harris Block, cor. Main & Market St. East (Albert Hall Block).

Almanak Þjóðv.fjel. 1893	(1)	0.25
„ „ 1892	(1)	0.25
„ „ 1880—1891 á	(10)	0.10
Einstök Almanök (gömul)	(1)	0.20
Andvari 1891.	(2)	0.40
Aldamót	(2)	0.50
Andvari og Stjórnarskrárm.'90	(4)	$0,75
Bragfræði. H. Sigurðss.	(5)	2,00
Barnalærdómsbók H. H. í b.		0.30
Dýravinurinn 1885,'87,'89 allir	(4)	0.75
Edda S. Sturlusonar	(5)	1.80
Fornaldars. Norðurl. 1. 2. 3. bindi í bandi	(12)	4,50
Fyrirl. „Mestur í heimi" (H. Drummond) í b.	(2)	0,25
„ Eggert Ólafsson. B. Jónss	(1)	0,25
„ Ísl. að blása upp (J. B.)	(2)	0,10
„ Mennt.ást.á Ísl.I.II.(G.P.)	(2)	0,20
„ Olnbogabarnið. Ó.Ólafsson	(1)	0.15
„ Sveitalífið (Bj. J.)	(1)	0,10
„ Trúar og Kirkjulíf á Ísl. Ó. Ólafsson	(1)	0,20
„ Um hagi og rjett.kv.(Briet)	(1)	0,15
„ Verði ljós. Ólafur Ólafsson	(1)	0,15
4 fyrirlestrar frá kirkjuþ. '89	(3)	0,50
Heljarsl.orusta (B. G.) 2. útg.	(2)	0,40
Hjálp í viðlögum í b.	(2)	0,40
Huld þjóðsagnasafn 1.	(1)	0.25
Hversvegna? Þessvegna 1.	(2)	0,50
Hvers vegna vegna þess 2.	(2)	0,55
Herra Sólskjöld gamanleikur í þremur þáttum. H. Briem	(1)	20 c.
Iðunn frá byrj. 7 bæk. í g. b.	(18)	8,00
Ísl. saga Þ. Bjarnas. í b.	(2)	0.60
Ísl. bók og Landnáma I.—II.	(3)	0,40
J. Þorkelss. Supplement til Isl. Ordböger	(2)	0,75
Kóngurinn í Gullá	(1)	15
Ljóðm. H, Pjeturs. II.í bandi	(4)	1.30
„ Gísla Thorarensen í b	(2)	0.75
„ Hann. Blöndal með mynd af höf. í g. b.	(2)	0,45
„ Kr. Jónss. í bandi	[3)	1,25
Lækningarit L. homöop. í b.	(2)	0,40
Mannkynss. P. M. 2. útg. í b.	(3)	1,25
Missirask. og hátíðahugv.St.MJ	(2)	0,20
P.Pjeturss. smásögur II. í b.	(2)	0.30
P. P. smásögur III. í b.	(2)	0.30
Ritregl. V. Asm.son. 3.útg í b.	(2)	0.30
Stafrófskver J. Ó.		0.51
Sálmab. í bandi 3. útg.	(3)	1.00
Saga Þórðar Geirmundssonar eptir B. Gröndal	(1)	0.20
„ Höfrungshlaup	(2)	0.20
„ Gönguhrólfs 2. útg.	(1)	0,10
„ Jörundar Hundadagakóngs	(4)	1.20
„ Klarusar Keisarasonar	(1)	0,10
„ Hálfdánar Barkarsonar	(1)	0,10
„ Villifers frækna	(2)	0,25
„ Kára Kárasonar	(2)	0,20
„ Hardar og Hólmverja	(2)	0.20
Sýnisbók Melsteds í bandi	(5)	1.90
Ólafs saga Tryggvasonar og fyrirrennara hans. Snorri Sturluson: Heimskringla 1.	(4)	0,80
Sögusafn Ísafoldar 1.	2)	0,40
„ „ 2.	2)	0.35
„ „ 3.	2)	0,35
„ „ 4.	2)	0.40
Öll sögus.	(6)	1,35
Sundreglur í bandi	(2)	0,20
Víkingarnir á Hálogalandi	(2)	0,40
Sendibrjef frá Gyðingi í Fornöld	(1)	0,10
Saga Fastus og Ermena	(1)	0,10
Útsýn þýðingar í bundnu og óbundnu máli.	(2)	0,20
Úr heimi bænarinnar (áður á $100, nú á	(3)	0.50
Úrvalsljóð eptir J.Halllgrímss.	(2)	0,25
Vesturfara tölkur (J. O.) í b.	(2)	0,50
Vonir (E. Hjörl.)	(2)	0,25
Mynd af sjera H. Hálfdánarsyni		0.30

Ofannefndar bækur verða sendar kaupendum út um land að eins er full borgun fylgir pöntuninni, og póstgjaldið, sem markað er aptan við bókanöfnin með tölunum í sviga.

NB. Fyrir sendingar til Bandaríkjanna er póstgjaldið helmingi hærra.

Hann er aðal umboðsmaður Canada fyrir Þjóðv.fjelagið. Hann er og í þann veginn að verða umboðsmaður Bókmenntafjelagsins.

Til þess að vera viss um að öllum brjefum viðvíkjandi bókum verði strax svarað, þarf utanáskriptin að vera
Magnús & W. H. Paulson
Room 12 Harris Block
Winnipeg, Man.